

Þórólfur Matthíasson

Gjaldmiðillinn, fjármálastarfsemin og lífskjörin

Kayakróður

- Í höndum kunnáttumanns er kayak einhver sjóhæfasta fleyta sem um getur
- Kayak hentar illa til úthafssiglinga
- Óvanir koma sér auðveldlega í lífsháska jafnvel þó öllum öryggisatriðum sé fylgt

Umfjöllunarefni

- Hlutverk peninga
- Gjaldmiðill góður eða slæmur?
- Íslenska krónan
- Valkostir í gjaldmiðilsmálum
- Samantekt og Lokaorð

Þjóðhagslegt hlutverk peninga

- Peningar eru ávísun á verðmæti (vinnuframlag, fjármuni, fasteignir), ekki verðmæti í sjálfu sér
- Peningar eru almannagæði
 - Ég vil eiga peningaseðil (mynt) vegna þess að þú tekur hann gilda(n) sem greiðslu
 - Þú tekur peningaseðil (mynt) gilda(n) sem greiðslu vegna þess að ég vil eiga hann
- Mynt (gjaldmiðill) verður tæpast pappírsins virði ef þetta samband rofnar



Hlutverk peninga gagnvart einstaklingi

- Greiðslumiðill (Medium of exchange)
- Uppgjörseining (Unit of account)
- Varðveitir kaupmátt (Store of value)
- Staðall fyrir greiðsluloforð í framtíðinni (Standard for deferred payment)
- Yfirskyggðir af öðrum eignarformum (dominated asset)

GÆÐI GJALDMÍÐILS SEM “PENINGAR”

Stjórnvöld og peningar

- Hversu vel ákveðinn gjaldmiðill uppfyllir þessi skilyrði ræðst af:
 - Gæðum stofnana fjármálakerfisins
 - Sem aftur ræðst af regluverkinu
 - Peningamálastefnu stjórnvalda
 - Er gjaldeyrisvarasjóður nægjanlega stór til að tryggja viðskipti við gjaldmiðilsútlendinga?
 - Verðgildi gjaldmiðils vs. skammtímalausnir?
 - Almennri efnahagsstjórnun

Hvað ef gæðin breyta?

- Stofnanaumhverfið
 - Ef bankar eru reknir sem píramítaleikur þá hrynja þeir og myntin með
- Peningamálastjórn og almenn efnahagsstjórnun
 - Verðbólga verður til þess að myntin dugar ekki til að geyma verðmæti
 - Dugar sem greiðslumiðill og uppgjörseining

ISK

Íslenska krónan

- Lengst af svipuð Matador-peningum
 - Notuð af tiltölulega fáum einstaklingum með takmarkað notagildi utan spilaborðsins
- Alþjóðlega gjaldgeng síðustu 10-12 ár
- Nothæf sem greiðslumiðill og uppgjörseining innanlands en ekki til að varðveita verðmæti milli tímabila
 - Verðtryggða krónan búin til til þess

Staðan núna

- Fjármálakerfið í rúst
- Krónan verðlaus nema í viðskiptum milli Íslendinga (Matadorpeningur)
- Fyrirsjáanlegir langvarandi erfiðleikar í að heimila fjármálagerninga gagnvart útlöndum

Höfum gert allar tilraunirnar

- Fast gengi
- Fljótandi gengi
- Fljótandi gengi með verðbólguþolmiðri
 - Miklir annmarkar á þeirri tilraun, en í þessum leik fær maður bara eina tilraun!

VALKOSTIR

Valkostir í boði

- Halda í krónuna
- Myntráð
- Einhliða upptaka annarrar myntar
- Tvíhliða upptaka annarrar myntar
 - Norska krónan?
 - Evra

(Kostir) og gallar þess að nota ISK áfram

- Stjórnvöld geta notað peningastefnu sem mótvægi við slappa efnahagsstjórnun (hæpinn kostur!)
 - Verði efnahagsstjórnunarmistök leiðréttist samkeppnisstaðan sjálfkrafa
 - Stjórnvöld þurfa ekki að vanda sig jafn mikið fyrirfram – næstum trygging eftirá fyrir stjórnvöld!

(Kostir) og gallar þess að nota ISK áfram

- Fjárflótti innlendinga jafnt sem útlendinga
 - Þrýstir gengi niður um langan tíma
 - Kallar á mjög stóran gjaldeyrisvarasjóð (sem þó verður of lítil þegar á reynir!)
- Ósamhverfir hagbrestir
 - Minnkandi vægi? (Orka í stað fisks, fiskur minna sveiflukenndur)
 - Katastrófurnar samhverfar (Lehman)?

(Kostir) og gallar þess að nota ISK áfram

- Viðvarandi fjármögnunarerfiðleikar hjá innlendum fyrirtækjum
 - Andhverfa þess ástands sem ríkti meðan íslenskir bankar höfðu of greiðan aðgang að erlendu lánsfé!
- Óvissa um langtímavexti

Kostnaður vegna ISK

- Íslandsálagið
 - Breytir tekjuskipting innanlands (innlendir fjármagnseigendur fá hærri tekjur en ef stuðst væri við aðra mynt)
 - Fellur að einhverju leyti til útlendinga
- Tapaðir vextir vegna gjaldeyrisvarasjóðs
- Viðskiptakostnaður vegna viðskipta við gjaldeyrisútlendinga

EINHLIÐA UPPTAKA

Hliðstæða við aðdraganda einhliða upptöku?

- „Ég fékk leyfið hjá manni sem taldi sig hafa leyfi til að leyfa okkur að veiða þarna“
- „Við töldum okkur ekki vera að brjóta lög, en ef við vorum að því voru það úrelt lög“
- „Þessi fiskur er engum til gagns eða gleði, hann bara drepst“

Kristján Þ. Davíðsson frkv.stj.Gamla Glitnis
Tekið úr dæmisögu Helga Þorgils Friðjónssonar

Kostir og gallar einhliða upptöku evru

- Gæti gerst hratt (mjög lágt raungengi?)
- Erlent lán til að skipta út seðlum og mynt (5-10% af VLF)
- Bankar þurfa rúma lausafjárstöðu (hækkar vaxtamun)
- Fjármagnsflótti líklegur (innlán færu í erlendar stofnanir, hærri vextir og öruggari útlán)

Kostir og gallar einhliða upptöku annarrar myntar en ISK

- Töpum myntsláttuhagnaði (vextir af 60 til 120 milljörðum króna)
- Verðum ekki fyrir viðskiptakostnaði sem ferðamenn og neytendur (en losnum ekki alveg undan honum sem lántakendur og sparendur)
- Einhliða upptaka er áframhald þeirrar íslensku sjálfumgleði sem einkenndi útrásina

Myntráð

- Virkar mjög svipað og einhliða upptaka
 - Þó ekki sjálfþökuyfirbragð
- Getum fengið hluta af myntsláttuhagnaðinum ef vel er að verki staðið
- Stæðum frammi fyrir viðskiptakostnaði sem ferðamenn, neytendur, lántakendur og sparendur
- Felur í sér fast gengi gagnvart einni mynt
 - Stjórnámálamenn geta fellt gengið!

Kostir og gallar tvíhliða upptöku NOK

- Ísl og Nor hafa sömu stöðu innan EES
- Nor hefur fjárfest mikið í EES
- Nor hefur mjög öflugan gjaldeyrisvarasjóð
- Gengi NOK sveiflast með olíuverði og Ísl er vaxandi orkugkerfi
- Ef Nor sjávarútvegur getur lifað við sveiflur NOK ætti Ísl sjávútv að gera það líka

Kostir og gallar tvíhliða upptöku NOK

- Bankarústirnar vandamál
 - Norskir skattgreiðendur vilja ekki borga þann kostnað
- Myntsláttuhagnaður og upphafsgengi samningsatriði
- Norges bank myndi hafa skoðun á tekjuhalla hins opinbera á Íslandi

Tvíhliða upptaka Evru

- Ekki endurtaka allt sem um það hefur verið sagt
- Tekur nokkurn tíma
- Raungengi við upptöku gæti verið skaplegt fyrir almenning
- Maastricht reglurnar skýrar varðandi opinberu fjármálin, engir samningar þar!

Tvíhliða upptaka evru

- Skýrar reglur um deilingu myntsláttuhagnaðar (reglurnar hagstæðar löndum með lágt M0/VLF hlutfall)
- Möguleiki á að ljúka ICESAVE og bankahrunsmálum í aðildarsamningnum og tengdum samningum
 - Hluti þess kostnaðar mun lenda á þegnum ESB og því auðveldara að semja en við Nor

SAMANTEKT

	ISK	Einhl EUR	Mynt- ráð	Tvíhl NOK	Tvíhl EUR
Sjálfstæð peningastefna	Tja	Nei	Nei	Nei	Nei
Fjárflótti við upptöku (fjárm.hr)	Já	Já	Já	Nei	Nei
Stór gjaldeyrisvarasjóður	Já	Já	Já	Nei	Nei
Vaxtakostnaður ísl fyrirtækja	Hár	Hár	Hár	Nor	Evr
Langtímanafnvextir Hagsveiflan	?Háir Ósam	+EUR samhv	+EUR samhv	NOK Nsamh	EUR samh
Umframviðskiptakostnaður	Já	Nei	Já	J/N	Nei
Nafngengi	Br.l.	Fast	Fast?	F/B	Fast
Mörk opinbers halla	Engi?	Erl bankar	Erl. Bankar	Samn Ingur	Mastr
Beita peningastefnu gegn brestum	Já/Tja	Nei	Nei?	Nei	Nei
Bankarústir/ICESAVE	PEH	PHE	PEH	PEH	Sam
Aðgangur að erlendri viðlagahjálpi	Nei	Nei	Nei	Tja	Já
Innlend tekjuskipting	RR	RR	RR	?	Hlut!

Samantekt, frh.

- Skammstafanir á fyrri glæru
 - PEH=Palli einn í heiminum
 - RR=Ríku ríkari
- Hagsveiflan
 - Ósamhverf (fiskveiðiorsökuð) rök fyrir ISK
 - Samhverf rök fyrir EUR
 - Katastrófur koma í samhverfum sveiflum
 - Lehman-brothers

Þegar á bjátar.....

- Erfitt að sjá ókosti ISK þegar vel viðrar og allt leikur í lyndi
- Það er þegar hremmingar skella á sem veikleikarnir koma í ljós
- Lögmál stóru talnanna: Hremmingar henda kannski ekki næst ár eða það þarnæsta, en í sögu þjóðar munu þær skella á.....

Samanburður leiða

- ISK leiðin dýr fyrir almenning
- Einhliða upptaka áhættusöm og dýr
- Myntráð áhættusamt og dýrt
 - Myndi líklega ekki standast alvöru áföll
- Tvíhliða upptaka NOK
 - Erfiðari núna en s.l. vor
- Tvíhliða upptaka EUR
 - Líklega eini kosturinn sem eftir stendur

LOKAORÐ

Kayak og króna

- Krónukayakinn flaut í yfirbyggðri sundlaug gjaldeyrishafta fyrir 1990
- Krónukayakræðarar okkar reyndu að róa yfir opið haf frjálsra fjármagnsflutninga
- Verkefnið ómögulegt og ræðararnir reynslulausir og án siglingarfræðikunnáttu!

Nýtt skip og betra föruneysi

- Arfleið okkar til barna okkar má ekki vera möguleiki á öðru íslandshruni
- Áframhaldandi notkun ISK býður þeirri hættu heim
- Verðum að hætta öllum bláeygum dagdraumum um dásemd þess að sigla krónukayaknum um lognkyrra innfirði
- Raunveruleikinn býður ekki upp á það!



